

## Kjarasamningur

### Leikfélags Reykjavíkur og FÍL vegna leikara og dansara,

#### 1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Samtaka atvinnulífsins vegna Leikfélags Reykjavíkur og Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvíkmyndum vegna leikara og dansara.

#### 2. gr.

#### Inngangur - megininntak

Kjarasamningur þessi byggir á Stöðugleikasamningum sem undirritaður var í mars 2024. Meginmarkmið Stöðugleikasamningsins er að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta, sem er mikið hagsmunamál heimila og fyrirtækja. Jafnframt er markmið samningsins að auka kaupmátt launafólks, skapa fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, draga úr verðbólguvætingum og styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Samningurinn kveður einnig á um framleiðniauka til alls launafólks, sem byggir á mældri framleiðni auk kauptaxtaauka.

#### 3. gr.

Launatöflur og sýningarlaun eru í samræmi við meðfylgjandi launatöflu.

#### 4. gr.

#### Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um framleiðniauka, kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá mars 2024 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan 30 daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

#### Gildistími

Gildistími kjarasamnings þessa er frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur hann þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

#### Afgreiðsla kjarasamningsins

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga eigi síðar en kl. 12:00 26. mars. 2025.

Reykjavík 18. mars 2025

F.h. FÍL vegna leikara og dansara

Brunnur  
Sóley Pálsson  
Sigurður Ólafsson  
Hrafnaldur Þórðarson

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur ses.

Guðrún Ólafsdóttir  
Kármánn Guðmundsson  
Kálmán Guðmundsson  
Kristján Ólafsson  
Egill Ólafsson

## **Launataxtar kjarasamnings á samningstímabilinu**

**Launatafla 1.2.2024**

<b>L.fl.</b>		<b>Laun</b>
1	Byrjunarlaun	625.979
2	Eftir 1 árs prófaldur	648.310
3	Eftir 3 ára prófaldur	661.333
4	Eftir 6 ára prófaldur	685.522
5	Eftir 12 ára prófaldur	711.572
6	Eftir 20 ára prófaldur	724.597
7	Eftir 25 ára prófaldur	752.508
8	Eftir 30 ára prófaldur	783.182

  

<b>Sýningarlaun</b>	<b>1.2.2024</b>
Hefðbundnar sýningar	12.390
Styttri en 1 klst.	6.195

JB  
BZ

**Launatafla 1.1.2025**

L.fl.		Laun
1	Byrjunarlaun	654.729
2	Eftir 1 árs prófaldur	677.552
3	Eftir 3 ára prófaldur	690.083
4	Eftir 5 ára prófaldur	714.515
5	Eftir 10 ára prófaldur	751.153
6	Eftir 15 ára prófaldur	768.334
7	Eftir 20 ára prófaldur	786.655
8	Eftir 25 ára prófaldur	825.126
9	Eftir 30 ára prófaldur	849.730
<b>Sýningarlaun</b>		<b>1.1.2025</b>
Hefðbundnar sýningar		12.824
Styttri en 1 klst.		6.412



**Launatafla 1.1.2026**

L.fl.		Laun
1	Byrjunarlaun	678.479
2	Eftir 1 árs prófaldur	701.302
3	Eftir 3 ára prófaldur	714.236
4	Eftir 5 ára prófaldur	739.523
5	Eftir 10 ára prófaldur	777.443
6	Eftir 15 ára prófaldur	795.226
7	Eftir 20 ára prófaldur	814.188
8	Eftir 25 ára prófaldur	854.005
9	Eftir 30 ára prófaldur	879.470
<b>Sýningarlaun</b>		<b>1.1.2026</b>
	Hefðbundnar sýningar	13.272
	Styttri en 1 klst.	6.636



**Launatafla 1.1.2027**

<b>L.fl.</b>	<b>Laun</b>
1 Byrjunarlaun	702.229
2 Eftir 1 árs prófaldur	725.848
3 Eftir 3 ára prófaldur	739.234
4 Eftir 5 ára prófaldur	765.407
5 Eftir 10 ára prófaldur	804.654
6 Eftir 15 ára prófaldur	823.059
7 Eftir 20 ára prófaldur	842.685
8 Eftir 25 ára prófaldur	883.895
9 Eftir 30 ára prófaldur	910.252
<b>Sýningarlaun</b>	<b>1.1.2027</b>
Hefðbundnar sýningar	13.737
Styttri en 1 klst.	6.869



## Breytingar á einstaka greinum kjarasamningsins

### Mánaðarlegt uppgjör yfirvinnukaups

1. mgr. gr. 1.7. um yfirvinnukaup orðast svo:

Vinna umfram 39 stundir að viku á jafnaði greiðist með yfirvinnukaupi.

### Skólasýningar

Áttunda mgr. gr. 2.1.6. um skólasýningar á daglegum vinnutíma orðist svo: Heimilt er að sýna stuttar skólasýningar á daglegum æfingatíma innan vinnuskyldu. Lágmarksútkall skráist sem 4 klst. og sýningalaunagreiðsla skal vera 50% af upphæð skv. grein 2.7.1

### Viðtöl og kynningarviðburðir

Ný 3. mgr. gr. 2.1.7. um önnur störf komi inn og orðist svo:

Leikari sem fer að beiðni leikhússins í viðtöl eða tekur þátt í kynningarviðburðum utan leikhússins fær greitt fyrir þá vinna eins og um æfingu sé að ræða. Sé slík vinna unnin að beiðni leikhússins eftir kl. 17:00 á föstudagi eða um helgi skal greitt yfirvinnukaup.

### Breytingar á vinnufyrirkomulagi:

Gr. 2.1.8. breytist og orðist svo (breytingar undirstrikaðar):

Heimilt er að haga vinnu með öðrum hætti en í kafla þessum greinir (2. kafla) með samkomulagi leikara og LR. Slíkar breytingar skulu samþykktar af leikhópi hverrar uppfærslu eða 2. deild FÍL.

### Frídagar

Grein 2.2.1. orðist svo (breyting undirstrikuð):

Sýningar mega vera alla daga vikunnar nema mánudaga. Undanskildir eru þó; Annar í hvítasunnu og Annar í jólum, beri hann upp á mánudag. Sé sýnt annan í jólum greiðist þó tvöfalt sýningarkaup. Sýningar eru ekki leyfðar á þeim dögum sem tilgreindar eru í gr. 2.4.6. Heimilt er að sýna skólasýningar á mánudögum innan daglegs æfingatíma og vikulegrar vinnuskyldu svo framarlega sem ákvæði um vikulegan frídag sé virt.

### Kvöldæfing

Frá og með 1.4.2025 komi inn nýr 4. málsliður gr. 2.7.1. orðast svo:

Fyrir kvöldæfingar aðrar en forsýningar greiðist 40% af sýningarkaupi.

## Afleysing fyrir leikara

Ný gr. 2.7.3. um afleysingu fyrir leikara orðist svo:

Leikari sem er ekki á samningi en tekur að sér afleysingu fyrir leikara fær greidd sérstök sýningarlaun enda liggi fyrir samþykki FÍL. Slík greiðsla skal ekki vera lægri en sem samsvarar 7,5% af mánaðarlaunum í viðkomandi launatöflu leikara.

## Orlof

Grein 4.1.2. um lágmarksorlof orðist svo (breyting undirstrikuð):

Lágmarksorlof er 25 virkir dagar miðað við fullt ársstarf og nema þá orlofslaun 10,64%.

3. mgr. greinar 4.1.4. um orlof fastráðins og ársráðins leikara orðast svo:

Fastráðinn og ársráðinn leikari skal fá 10,64% orlofsfé á alla yfirvinnu skv. samningi þessum. Eftir 3 ára starf skal leikari fá 11,59% og eftir 5 ára starf 13,04%.

Gr. 4.1.5. orðast svo:

Verkefnaráðinn leikari fær ekki greidd laun frá LR í orlofi en skal fá 10,64% orlof á öll laun skv. samningi þessum á orlofsreikning.

Við 3 ára starf skal verkefnaráðinn leikari fá 11,59% og eftir 5 ára starf 13,04%.

## Viðtal um áframhaldandi starf

Ný 8. mgr. gr. 6.2. um áframhaldandi störf verkefnaráðinna leikara komi inn sem orðist svo:

Ársráðinn leikari á rétt á viðtali um hvort vilji sé til áframhaldandi ráðningar af hálfu LR. Leikari á rétt á viðtali eins fljótt og auðið er en þó eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

## Verkefnaráðning í hlutastarf

Frá og með 1.8.2027 komi inn ný gr. 6.2.3.5. sem orðist svo:

*Að loknum 4 mánuðum og sýningum fækkar*

Ef leikhúsið metur sem svo að grundvöllur sé eingöngu til að sýna verkefni að hámarki 5 sinnum í mánuði er leikhúsini og verkefnaráðnum leikara og dansara heimilt að semja um hlutastarf að lágmarki 60% fyrir þátttöku í sýningum. Þetta fyrirkomulag má eingöngu taka upp eftir að 4 mánaða ráðningu er lokið og fari fjöldi sýninga á mánuði umfram 5 sýningar þá skal greiða full mánaðarlaun. Viðkomandi á einnig rétt á sýningarlaunum sbr. gr. 2.7.1 til viðbótar við mánaðarlaunagreiðslu, hvort sem greitt er hlutfall eða full mánaðarlaun.



## Bókun um endurmat á verkefnaráðningu í hlutastarf

Markmið samningsaðila með heimildarákvæði um verkefnaráðningu í hlutastarf er að skapa gagnkvæman ávinnung fyrir leikara, dansara og leikhúsið. Tilgangur ákvæðisins er m.a. að styðja við að unnt sé að halda áfram tilteknum sýningum öllum til hagsbóta. Samningsaðilar munu undir lok samningstíma eiga samtal um reynslu af samningsákvæðinu og er leikhópnum heimilt, í samstarfi við FÍL, að greiða atkvæði um það í janúar 2028 hvort þessu fyrirkomulagi verði haldið áfram eða að samningsákvæðið falli niður í lok samningstíma.

### Endurmenntun

Ný 4. mgr. gr. 8.2. komi inn sem orðist svo:

Hafi leikari starfað á árssamningi eitt ár eða fleiri í samfelli við ótímabundna ráðningu skal tími ársráðninga telja inn í starf viðkomandi fyrir LR og veitir leikara rétt á að sækja um endurmenntunarleyfi þegar heildarstarfsár ná 10 árum.

### Dansarar

Eftirsarandi breytingar verða á 11. kafla kjarasamnings um dansara:

1. mgr. gr. 11.2.1. orðist svo (breytingar undirstrikaðar):

Dansari sem tekur þátt í einu verkefni við LR fær greidd mánaðarlaun skv. meðfylgjandi launatöflu eigi skemur en fyrstu 4 mánuði ráðningar.

Grein 11.2.1. orðast svo (breytingar undirstrikaðar) frá og með 1. janúar 2025:

Ef fjöldi sýninga samkvæmt staðfestu sýningarplani eru 8-12 á launatímabili er heimilt að greiða dansara fyrir viðkomandi uppgjörsmánuð 75% af mánaðarlaunum. Ef fjöldi sýninga samkvæmt staðfestu sýningarplani eru 7 eða færri á launatímabili er heimilt að greiða fyrir viðkomandi uppgjörsmánuð 50% af mánaðarlaunum.

Frá 1. ágúst 2026: Ef fjöldi sýninga samkvæmt staðfestu sýningarplani eru 7-8 á launalaunatímabili er heimilt að greiða dansara fyrir viðkomandi uppgjörsmánuð 75% af mánaðarlaunum. Ef fjöldi sýninga samkvæmt staðfestu sýningarplani eru 6 eða færri á launatímabili er heimilt að greiða fyrir viðkomandi uppgjörsmánuð 50% af mánaðarlaunum.

Frá 1. ágúst 2027: 11. kafli kjarasamnings um dansara fellur brott og um kjör, réttindi og skyldur dansara fer því skv. kjarasamningi aðila að öðru leiti.

## Bókanir

### Bókun um hlutverk í leiksýningum

Meginreglan hjá LR er að leikarar og dansarar haldi sínum hlutverkum út sýningartímabil verkefnis. Af því er nær alltaf gagnkvæmur ávinnungur, enda viðkomandi listamenn stór hluti af aðráttaraflí sýningaráinnar. Í undantekningartilvikum getur reynst nauðsynlegt og málefnalegt að gera breytingar á leikaraskipan sýningar en þó er leitast við eftir fremsta megni að leysa úr málum með öðrum hætti. **Bókun um sérstaka hækken sýningarkaups og mánaðarlegt uppgjör á yfirvinnu**

Meirihluti félagsmanna FÍL í Borgarleikhúsini getur tvisvar sinnum á samningstímabilinu kosið um að fara í vikulegt uppgjör í stað mánaðarlegs gegn breytingu á sýningarkaupi.

Kosningin getur farið fram í lok leikárs 2025/2026 þannig að taki gildi 1.8.2026 eða í lok leikárs 2026/2027 þannig að taki gildi 1.8.2027. Sýningarkaup mun þá uppfærast og vera eftirfarandi út samningstímabilið eftir því hvenær breyting á sér stað.

Frá 1.8.2026 kr. 11.060 m.v. hefðbundnar sýningar en kr. 5.530 m.v. sýningar sem eru styttir en 1 klst.

Frá 1.8.2027 (en frá 1.1.2027 ef breyting á sér stað frá 1.8.2026) kr. 11.447 en kr. 5.723 m.v. sýningar sem eru styttir en 1 klst.

LR skuldbindur sig til að halda tvöfalda vinnutímaskráningu á samningstímanum yfir framangreint þannig að liggi fyrir heildarfjárhæð á mánaðarlegu uppgjöri á sýningarlaunum og yfirvinnu, ónafngreint niður á einstaklinga, til samanburðar við það hvernig heildarfjárhæð á vikulegu uppgjöri á sýningarlaunum og yfirvinnu hefði verið fyrir hópinn.

Félagsfólk FÍL hjá LR getur óskað eftir aðgangi að ofangreindum upplýsingum að loknum leikárum 2025/2026 og 2026/2027.